

Fundargerð 1. fundar Framkvæmdaráðs

**Fundarstaður: Brekkubær, Hellnum**

**Fundardagur: 24. febrúar 2004**

Mættir nýskipaðir fulltrúar sveitarfélaganna á Snæfellsnesi í Framkvæmdaráðið:

Ástþór Jóhannsson, fulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps – [salmo@islandia.is](mailto:salmo@islandia.is)

Guðlaugur Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar – [gulli@hellnar.is](mailto:gulli@hellnar.is)

Guðrún G. Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar – [gudrun@hellnar.is](mailto:gudrun@hellnar.is)

Margrét Valdimarsdóttir í forföllum Guðbjargar Gunnarsdóttur þjóðgarðsvarðar í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli – [gudbjorg@ust.is](mailto:gudbjorg@ust.is)

Hrafnhildur Jóna Jónasdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar – [hjj@mi.is](mailto:hjj@mi.is)

Fjarverandi: Sigríður Finsen, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar – [finsen@soffi.com](mailto:finsen@soffi.com)

Hildibrandur Bjarnason, fulltrúi Helgafellssveitar – [hildibrandur@simnet.is](mailto:hildibrandur@simnet.is)

Dagný Þórisdóttir, fulltrúi Stykkishólmsbæjar – [dagny@stykkisholmur.is](mailto:dagny@stykkisholmur.is)

Menja von Schmalensee, fulltrúi Stykkishólmsbæjar – [menja@nsv.is](mailto:menja@nsv.is)

Guðlaugur Bergmann setti fundinn kl. 13:00 og greindi frá því að þessi hópur tæki nú við því starfi að fylgja eftir vottunar GREEN GLOBE 21 (hér eftir GG21) og því að unnið verði í samræmi við stefnu stjórnvalda á Snæfellsnesi að framgangi sjálfbærrar þróunar. Er starfsvið ráðsins í samræmi við staðla GG21 og þá verklýsingu sem fylgir þeim. Sagði Guðlaugur verkefnið vekja mikinn áhuga og Hólaskóli myndi m.a. vilja gera það að rannsóknarverkefni og fylgjast með framþróun þess.

Var eftir það gengið til eftirfarandi dagskrár:

1. Framkvæmdaráð skipti með sér verkum
2. Tillaga um tilnefningu varamanna
3. Beiðni um erindisbréf
4. Launamál þeirra sem í ráðinu sitja og greiðslur fyrir akstur
5. Upplýsingar til sveitarstjórna
6. Verkefnalisti
7. Framkvæmdir Vegagerðarinnar
8. Önnur mál

### **1. Framkvæmdaráð skiptir með sér verkum:**

Tillaga kom frá Guðrúnu G. Bergmann um að stjórn ráðsins yrði skipuð á eftirfarandi hátt:

- Guðlaugur Bergmann formaður
- Menja von Schmalensee varaformaður
- Guðrún G. Bergmann ritari
- Dagný Þórisdóttir gjaldkeri
- Meðstjórnendur: Aðrir nefndarmenn

Allir tóku vel í að sinna ofangreindum stöðum innan ráðsins. Ekki kom önnur tillaga fram. Var þessi því samþykkt einróma.

### **2. Tillaga um tilnefningu varamanna:**

Nauðsynlegt er talið að hægt sé að kalla til varamenn geti aðalmenn ekki mætt. Framkvæmdaráð gerir því að tillögu sinni að sveitarstjórnirnar fari þess á leit við eftirtalda aðila að þeir séu varamenn ráðsins:

- Valgerður Hrefna Birkisdóttir, Vegamótum fyrir Ástþór Jóhannsson
- Smári Björnsson, Snæfellsbæ fyrir Guðlaug Bergmann – [smari@snb.is](mailto:smari@snb.is)
- Eyþór Björnsson, Snæfellsbæ fyrir Guðrúnu G. Bergmann
- Margrét Valdimarsdóttir, Þjóðgarðinum fyrir Guðbjörgu Gunnarsdóttur
- Ingibjörg Torfhildur Pálsdóttir, Grundarfirði fyrir Hrafnhildi Jónu Jónasdóttur
- Gísli Ólafsson, Grundarfirði fyrir Sigríði Finsen – [goss@vdl.is](mailto:goss@vdl.is)
- Benedikt Benediktsson, Helgafellssveit fyrir Hildibrand Bjarnason – [bb07@binet.is](mailto:bb07@binet.is)
- Ragnheiður Valdimarsdóttir, Stykkishólmi fyrir Menju von Schmalensee – [saeferdir@saeferdir.is](mailto:saeferdir@saeferdir.is)
- Davíð Sveinsson, Stykkishólmi fyrir Dagnýju Þórisdóttur – [david@stykkiholmur.is](mailto:david@stykkiholmur.is)

Verði þessi tillaga samþykkt af öllum aðilum eru þeir vinsamlegast beðnir að senda skriflega staðfestingu (tölvupóst) á henni, eða þeim breytingum sem þeir hafa gert, til Guðrúnar á [gudrun@hellnar.is](mailto:gudrun@hellnar.is) Gert er ráð fyrir því að varamenn fái allar fundargerðir þannig að þeir geti fylgst með starfsemi ráðsins og geti því auðveldlega sett sig inn í málin ef þeir þurfa að mæta í staðinn fyrir aðalmann. Geti aðalmaður í ráðinu ekki mætt sér hann sjálfur um að boða varamann.

### 3. Beiðni um erindisbréf

Til að mæta þeim fyrirmælum sem fylgja úttektargöngum GG21 þarf að liggja fyrir erindisbréf sem skilgreinir starfssvið ráðsins, skipun í það o.fl. Fyrir fundinum lá tillaga að erindisbréfi sem Stefán Gíslason samþykkti. Þótt mönnum það of ítarlegt og verður unnið að endursamningu þess, þó með tilliti til kvaða GG21 og það væntanlega lagt fram fyrir sveitarstjórnirnar eftir næsta fund. Dagný mun sjá um að vera í sambandi við Stefán Gíslason ([stefan@environice.is](mailto:stefan@environice.is)) vegna málsins.

### 4. Launamál þeirra sem í ráðinu sitja og greiðslur fyrir akstur

Talið er rétt að fulltrúar sveitarstjórna í Framkvæmdaráðinu fái greiddar 5.000 krónur fyrir hvern fund sem þeir sitja. Jafnframt er gert ráð fyrir því að greitt sé fyrir akstur til og frá fundum. Munu fulltrúar sýna gott fordæmi í því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að sameinast í bíla þegar ferðast er á fundi, og halda jafnframt aksturskostnaði í lágmarki.

Fulltrúi Þjóðgarðs mætir á fundi í vinnutíma og á bíl Þjóðgarðsins, svo ekki er reiknað með að hann fái sérstakar greiðslur fyrir fundarsetu. Þjóðgarður þarf því ekki að leggja til framlag til sjóðsins að svo stöddu.

Enn sem komið er hefur Framkvæmdaráð engin fjárráð og er því farið fram á það við sveitarfélögin að þau leggi ráðinu til 25.000 krónur (minni sveitarfélögin) og 50.000 krónur (stærri sveitarfélögin) uns tími gefst til að sinna fjáröflun fyrir ráðið eftir öðrum leiðum. Nauðsynlegt er talið að það hafi sjálfstæðan fjárhag, m.a. til kaupa á möppum og öðru sem þarf til að halda utan um gögn ráðsins.

Eru sveitarstjórnirnar vinsamlegast beðnar að taka málið fyrir og afgreiða ofangreinda beiðni um fjárframlag. Gjaldkerinn, Dagný Þórisdóttir mun opna reikning á kt. Framkvæmdaráðsins, þegar hún hefur verið skráð. Hægt er að hafa samband við hana til að fá upplýsingar um reikningsnúmer og kt. [dagny@stykkiholmur.is](mailto:dagny@stykkiholmur.is)

Þegar hefur verið sótt um fjármagn til Byggðastofnunar og Ferðamálaráðs, en væntanlega fer það fjármagn til Markaðssjóðs Snæfellsness. Gert er ráð fyrir því að Markaðssjóður og Umhverfissjóður muni jafnframt leggja sitt af mörkum til reksturs Framkvæmdaráðsins, en enn sem komið er eru allar þessar áætlanir í burðarliðunum. Einnig var rætt um hugsanlegan styrk frá ráðuneyti ferðamála til reksturs Framkvæmdaráðsins, en ráðuneytið hefur yfir að ráða einhverjum peningum af Byggðaaáætlun. Mun því verða nánar fylgt eftir.

Samþykkt var að greiða skyldi nefndarmönnum fyrir vinnu utan funda. Gert er ráð fyrir að þá liggi kostnaðaráætlun fyrir hendi áður en verkið hefst og að gengið sé til verksins með hliðsjón af henni. Nefndarmenn samþykkja jafnframt að sýna sveigjanleika taki þeir að sér verkefni sem taka styttri tíma, eins og símtöl og annað þess háttar og rukka ekki fyrir slíka vinnu.

## 5. Upplýsingar til sveitarstjórna

Á hverju ári héðan í frá, svo lengi sem Snæfellsnes leitar eftir vottun frá GG21 kemur tengiliður sveitarfélaganna við GG21, sem í þessu tilviki er Guðrún G. Bergmann, til með að þurfa að fylla út viðmiðunartölur vegna úttektar. Til að mæta lágmarksviðmiði og til að sýna fram á við getum bætt okkur, m.a. með því að spara pappír og taka upp endurnotkunarfærni á pappír með því að ljósrita á báðar hliðar eða nota pappír sem aðeins er ljósritað á öðrum megin sem minnisblöð – þarf að halda nákvæma skráningu yfir kaup á ýmsum efnum.

Sveitarfélögin þurfa því að setja upp sér lykla í bókhaldi eða halda á annan hátt utan um eftirfarandi innkaup, svo auðvelt sé að taka tölurnar út í lok ársins og allar upplýsingar liggi þá fyrir. Slíkar upplýsingar þurfa að vera til um:

- **Pappírskaup**, þ.e. allan eftirtalinn pappír: Ljósritunarpappír, kartonpappír, innpökkunarpappír, umslög, kynningarbæklinga, klósettpappír, eldhúsrúllur, tork-pappír og allan annan pappír sem keyptur er á vegum sveitarfélagsins. **Skilgreina** þarf hversu þungur pappírinn er – ekki nóg að telja t.d. fjölda af rúllum, heldur þarf að vigta eina og margfalda svo með fjöldanum í pakkningunni. **Einnig þarf** að koma fram hversu mikið af pappírnum er vottaður með umhverfismerki og hversu mikið ekki.
- **Hreinsiefni**, þ.e. upplýsingar um hversu mikið magn (lítrar, kíló) er keypt af hreinsiefnum fyrir stofnanir sveitarfélagsins. **Skilgreina** þarf hversu mikið magn er vottað með umhverfismerki og hversu mikið magn ekki.
- **Eiturefni**, sem keypt eru á vegum sveitarfélagsins, þ.e. heildarmagn. **Skilgreina** þarf hversu mikið af þessum eiturefnum (lítrar, kíló) eru uppleysanleg í náttúrunni (biodegradable – m.a. efni sem fást hjá Ensím í Rvík) og hversu mikið leysist ekki upp.
- **Vatnsmagn**. Þetta á við um stærri sveitarfélögin sem eru með vatnsból fyrir stóru byggðakjarnana. Setja þarf upp mæla við vatnsbólin sem mæla það magn af vatni per dag sem samfélagið notar. Halda þarf skrá um notkunina og mæla t.d. einu sinni í mánuði og deila svo dögnum í þá upphæð. **Nú í okkar fyrsta viðmiði** settum við inn meðaltöluna 700 lítra af vatni á dag og gerum okkur ekki grein fyrir því hvernig við komum út gagnvart lágmarksgildum GG21. Ef við ætlum að standa okkur betur þurfum við að hafa fasta tölu sem byggð er á öðru en ágiskun eða samanburði við önnur

sveitarfélög eins og nú er gert.

**Jafnframt væri ekki úr vegi** að fara fram á það við stóru atvinnufyrirtækin (fiskvinnslurnar) að þau settu vatnsmæla á inntakið hjá sér svo hægt væri að meta vatnsnotkun þeirra í samburði við heimilisnotkun.

## 6. Verkefnalisti:

Áfram verður unnið að undirbúningi vottunarferlisins og þeim gögnum sem því fylgja af Leiðarljósi ehf. og Umís ehf.

Samþykkt var að leita eftir fundi með Héraðsnefnd Snæfellinga, þar sem nokkrir þættir í stefnumótun sveitarfélaganna tengjast henni. Verður það væntanlega gert í mars eða apríl.

Samþykkt var að vinna að endanlegum tillögum um slagorð fyrir Snæfellsnes, þannig að það liggi fyrir eigi síðar en á næsta fundi ráðsins.

Samþykkt var að halda hugarflugsfund með aðilum sem hafa áhuga á minjagripa-framleiðslu fyrir Snæfellsnes eigi síðar en í mars/apríl n.k., m.a. Aldísi í Norska húsinu o.fl.

Unnið verður að fjáröflun fyrir verkefnið samhliða öðrum málum.

## 7. Framkvæmdir Vegagerðarinnar:

Eftirfarandi bréf barst inn á borð Framkvæmdaráðsins:

Akureyri 11. febrúar 2004

**Efni: Nýir áningarstaðir við Þjóðvegi.**

Ágæti viðtakandi,

Á undanförmum árum hefur Vegagerðin sett upp fjölmarga áningarstaði hringinn í kringum landið. Nú er verið að gera óformlega könnun á þörf fyrir fleiri áningarstaði og hef ég verið beðinn um að koma með ábendingar og safna upplýsingum um frá aðilum tengdum skipulagi ferðaþjónustu. Til að fá sem gleggsta myndi sendi ég þetta dreifibréf til m.a. sveitarfélaga, ferða- og atvinnumálafulltrúa og óska eftir ábendingum um nýja staði á ykkar svæði (sveitarfélagi / héraði ).

Til leiðbeiningar um hverskonar staði er verið að hugsa um, þá hafa áningarstaðir m.a. verið settir á hentugum útsýnisstöðum, við þekkta viðkomustaði ferðafólks, jafnvel í litlum skógarlundum svo eitthvað sé nefnt. Á mörgum þessara staða hafa verið sett þjónustu- og upplýsingaskilti um viðkomandi svæði.

Ef þið hafið einhverjar ábendingar um nýja staði þá vinsamlegast sendið mér þær í tölvupósti, netfangið er [valur@icetourist.is](mailto:valur@icetourist.is), staðsetningin þarf ekki að vera fullkomlega nákvæm en þannig að hægt sé að átta sig á hvað um er að ræða, upplýsingunum verður safnað saman og sendar Vegagerðinni til frekari skoðunar. Upplýsingar þurfa að berast sem allra fyrst ekki mikið síðar en innan tveggja vikna.

Til upplýsingar um staðsetningu áningarstaða læt ég fylgja með slóðina inn á heimasíðu Vegagerðarinnar <http://www4.vegagerdin.is/thjonustukort/Grunnur.html> ef einhvern stað vantar sem búið er að gera væri gott að fá upplýsingar um það.

Með fyrirfram þökk

Valur Þór Hilmarsson

Umhverfisfulltrúi Ferðamálaráðs

Framkvæmdaráð kom sér saman um að senda eftirfarandi beiðni til Umhverfisfulltrúa Ferðamálaráðs:

Framkvæmdaráð Snæfellsnes, sem vinnur í tengslum við vottunarverkefni Green Globe 21 á Snæfellsnesi fer fram á eftirfarandi úrbætur áningastaða á Snæfellsnesi:

1. **Vatnaleið:** Að sett verði upp útsýnisskífa við áningarstað á Vatnaleið eða *panorama* skilti með upplýsingum um heiti fjalla og annarra staða sem blasa við ferðamanninum þarna.
2. **Grundarfjörður I:** Að útbúinn verði áningarstaður vestan við bæinn, þaðan sem vel sést til Kirkjufells sem margir vilja mynda. Þar væri jafnframt æskilegt að kæmi skilti með jarðfræðisögu fjallsins, svo og upplýsingum um þá fugla sem jafnan sjást á þessum stað.
3. **Grundarfjörður II:** Að útbúinn verði áningarstaður austan við bæinn, þar sem hann blasir við af hæðinni þegar komið er út Kolgrafarfirðinum. Þarna stöðva margir bíla sína í dag til að taka myndir. Skilti með upplýsingum um fjallaheiti og jarðfræðisögu Kirkjufells.
4. **Fróðárheiði – sunnan og norðan:** Að settir verði upp áningarstaðir í Fróðárheiði, bæði sunnan og norðan megin í henni þar sem sér annars vegar yfir Staðarsveit og hins vegar yfir Breiðafjörð. Skilti með upplýsingum um fjallaheiti.
5. **Axlarhólar:** Að úrbætur verði gerðar við núverandi áningarstað í Axlarhólum m.a. með grjótkanti eða öðru sem prýðir hann, ásamt upplýsingaskilti um Snæfellsjökul og fjöllin sem blasa þarna við, auk Búðahrauns.
6. **Búlandshöfði:** Að úrbætur verði gerðar við núverandi áningarstað m.a. með því að setja upp skilti sem gefa upplýsingar um fjallaheiti, náttúrufar o.fl.
7. **Þjóðgarðsmerkingar:** Að sett verði upp þjónustu-/upplýsingarskilti um Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, annars vegar við vegamót Fróðárheiðar-Ólafsvíkur norðan heiðar og Fróðárheiðar-Útnesvegur sunnan heiðar þar sem þjóðgarðssvæðið er greinilega afmarkað og sýnd aðkoma að því.
8. **Staðarsveit:** Að settur verði upp áningarstaður við eitt af vötnunum í Staðarsveit, t.d. milli bæjanna Garða/Langaholts og Hoftúna, til að ferðamenn geti skoðað fugla. Þar verði sett upp skilti með nöfnum fjallanna sem blasa við, svo og upplýsingar um fuglategundirnar.
9. **Berserkjagata:** Að settur verði upp áningarstaður og merkingar þarna.
10. **Hellissandur-Rif:** Milli plássann er fuglaskilti og ófullkominn áningarstaður sem þarf að endurbæta og merkja aðkomu að honum betur.

Að haft verði samráð við heimamenn um texta á skiltum – koma má skilaboðum um netföngin: [gudrun@hellnar.is](mailto:gudrun@hellnar.is) eða [menja@nsv.is](mailto:menja@nsv.is) – og staðsetningu þeirra áður en þau eru sett upp, svo og endanlegri staðsetningu skiltanna.

Að merkingar verði settar upp sem gefa til kynna að áningarstaður sé framundan, í a.m.k. 700 metra fjarlægð frá áningarstaðnum.

Að merkingar við Borgarnes verði bættar, þannig að upp verði sett ANNAÐ skilti við hringtorgið sem gefi til kynna hvar sé beygt út á Snæfellsnes, þar sem margir ferðamenn hafa villst þarna og keyrt áfram upp Norðurárdal.

Að vegamót Útnesveggar 574 og Snæfellsnesveggar 54 við Heiðarkastið verið löguð, þannig að þau komi ekki svona þvert á veg 54. Beygjan er svo kröpp að fólk missir af henni og keyrir framhjá um miðjan dag, hvað þá þegar dimmt er úti.

Menja tekur að sér að senda ofangreindar upplýsingar til Vals hjá Ferðamálaráði eigi síðar en 27. febrúar n.k. Athugasemdir þurfa að skilast til hennar í síðasta lagi 26. febrúar. Hugsanlega væri heppilegt að senda einnig afrit af bréfinu til Vals til Magnúsar hjá Vegagerðinni í Borgarnesi, þar sem ráðið er að tala um breytingar, aðrar en bara áningastaði.

#### 8. Önnur mál:

Ákveðið var að halda næsta fund mánudaginn 29. mars kl. 13:00 í Eyja- og Miklaholtshreppi annað hvort í Dal eða félagsheimilinu Breiðabliki.

Menja fjallaði um tvö mál. Annars vegar um áhuga Magnúsar Magnússonar kvikmyndagerðarmanns um að gera Heimildar- og kynningarmynd um Snæfellsnes. Um væri að ræða ca. ½ tíma mynd sem ætluð væri til sýningar í sjónvarpi. Einnig væri hægt að selja hana í fjáröflunarskyni. Leitaði hún eftir því hvort Framkvæmdaráðið hefði áhuga á að styðja þetta verkefni, m.a. með því að hjálpa til að afla fjármagns. Var samþykkt að vinna að því.

Hins vegar dreifði Menja grein úr Observer. Frétt Fréttablaðsins á forsíðu 23. febrúar er unnin upp úr þeirri grein. Benti Menja á að allar rannsóknir bentu til að votlendi bindi varanlega koldíoxíð sem losna ekki aftur. Þar sem GG21 legði mesta áherslu á það í vottun sinni að dregið yrði úr gróðurhúsalofttegundum væri gríðarlega mikilvægt mál að beina sjónum sínum strax að votlendismálunum, m.a. með úttekt á þeim á Snæfellsnesi. Það og hvatning til fólks um að skilja EKKI eftir bíla í lausagangi væru helstu verkefni okkar í þessu máli til að byrja með. Var fundurinn sammála henni.

Hrafnhildur stakk upp á því að Framhaldsskóla Snæfellinga yrði sent eintak af stefnunni, svo hægt væri að taka tillit til óska um náttúrufræðikennslu og námsefni tengt ferðamálum við skipulagningu á námskrá hans. Mun Ástþór taka að sér að ræða við nýja skólustjóran, en Guðrún sendir honum eintak af skýrslunni í rafrænu formi.

Jafnframt var samþykkt að útbúa kynningarpakka um GG21 verkefnið og kynna hann á fundum ýmissa félaga á Snæfellsnesi næstu mánuði og bjóðast jafnframt til að koma í skólana á vordögum, þegar mikið er um þemadaga. Hugsanlega geta fulltrúar í ráðinu rætt það í sínum sveitarfélögum.

Fjallað var um kynningu á verkefninu í bæjarblöðunum og stakk Hrafnhildur upp á því að verkefnið væri kynnt með stuttum greinum t.d. aðra hverja viku. Var samþykkt að gera það og láta m.a. koma fram upplýsingar um hvað hinn almenni íbúi getur gert.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:00.  
Fundarritari: Guðrún G. Bergmann

